Sýslumannafélag Íslands
Ránarbraut 1, 870 Vík, s-4884300

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/152
komudagur 17.11.2009

Alþingi – nefndasvið
Allsherjarnefnd
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

## UMSÖGN

**Varðar: Þskj. 108, 102. mál, frumvarp til breytinga á lögum um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 með síðari breytingum.**

Óskað var eftir umsögn Sýslumannafélags Íslands vegna ofangreinds frumvarps.

Sýslumannafélagið gerir ekki athugasemdir við frumvarp þetta að öðru leyti en því að huga þarf að framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu þ.e. að fyrirséð er að hún muni verða með nokkuð öðrum hætti en verið hefur. Miðað við óbreytt lög þá hefur kjósandi einungis þurft að skrifa eða stimpla listabókstaf þess framboðs sem hann kýs. Ef frumvarp þetta verður að lögum þarf kjósandinn að skrifa upp og raða frambjóðendum á kjörseðil við utankjörfundaratkvæða. Kjörseðill við utankjörfundaratkvæðagreiðsluna er auður og til nota við allar kosningar en ekki sérprentaður við hverjar kosningar.

Vík 16. nóvember 2009.

SÝSLUMAÐURINN VÍK

Anna Birna Þráinsdóttir
formaður stjórnar